

2023



Ársskýrsla Rótarinnar 2022-2023

Rótin

Ársskýrsla Rótarinnar fyrir starfsárið 2022-2023
Kristín I. Pálsdóttir tók saman fyrir ráð Rótarinnar
www.rotin.is

Mynd á forsíðu: Helga Lind Mar

Efnisyfirlit

Skýrsla ráðs Rótarinnar.....	3
Starfið á árinu.....	3
Aðild og þátttaka	4
Námskeið og vinnustofur	5
Umræðukvöld.....	7
Innlend samstarfsverkefni.....	7
Erlend samstarfsverkefni.....	8
Ávörp og erindi	9
Fundir og heimsóknir.....	10
Fréttir og viðtöl.....	13
Reikningar félagsins.....	15
Starfsáætlun	17
Ársskýrsla Konukots 2022.....	18

Skýrsla ráðs Rótarinnar

Aðalfundur Rótarinnar var haldinn 30. maí 2022 og fóru þar fram hefðbundin aðalfundarstörf. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir var valinn fundarstjóri, og Þórunn Sif Böðvarsdóttir fundarritari, Kristín I. Pálsdóttir flutti skýrslu ráðsins og kynnti reikninga félagsins í fjarveru gjaldkera. Þá var starfsáætlun næsta starfsárs kynnt.

Nýtt ráð félagsins hélt svo sinn fyrsta fund samdægurs og skipti með sér verkum þannig að Kristín I. Pálsdóttir var valin talskona, Marta Sigríður Pétursdóttir ritari og Sara Stef. Hildardóttir gjaldkeri. Aðrar í ráðinu eru Helga Baldvins Bjargardóttir, og Þórunn Sif Böðvarsdóttir.

Í vararáð voru kosnar: Anna Daníelsdóttir og Elísabet Brynjarsdóttir og skoðunaraðili reikninga er Auður Önnu Magnúsdóttir.

Elísabet og Helga voru kosnar í framkvæmdaráð Konukots.

Nokkrar lagabreytingar voru samþykktar á aðalfundinum og sú helsta að fækkað var í ráði félagsins úr níu í fimm og vararáðskonum fækkað úr þremur í tvær. Einnig var framkvæmdaráð tekið út úr lögunum. Í 4. gr. var talað um talskonu sem 'hann' og var því breytt í 'hún'. Röð dagskrárliða í dagskrá aðalfundar var breytt þannig að lagabreytingar voru færðar á undan kosningu í ráð.

Samþykkt var á fundinum að fela ráði Rótarinnar að óska eftir aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Að lokum voru Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur þökkuð vel unnin störf fyrir félagið en hún hættir í ráðinu eftir að hafa setið í því frá stofnun Rótarinnar. Guðrún Ebba var ekki á fundinum en fékk sendan blómvönd frá félaginu.

Ráð félagsins hittist að jafnaði á fjögurra til sex vikna fresti.

Í dag eru 582 konur skráðar í félagið og 3.389 fylgja Rótinni á Facebook.

Starfshlutfall framkvæmdastjóra var fært úr 80% starfi í 55% frá 1. júlí en síðan 1. mars 2023 í 100% vegna aukinna verkefna. Starfið skiptist þannig að 30% eru vegna verkefnisstjórnar Konukots og 70% starf hjá Rótinni.

Starfið á árinu

Starf félagsins einkenndist eins og síðustu ár af öflugri hagsmunabaráttu fyrir konur með vímuefnavanda og mikilli áherslu á nauðsyn stefnumótunar í málaflokknum.

Vel hefur gegnið með verkefni félagsins og sérstaklega er ánægjulegt að sjá árangurinn af gæðastarfi í Konukoti en innleiðing áfalla- og kynjamiðaðrar nálgunar ásamt þjónandi leiðsagnar hefur skilað mjög jákvæðum breytingum sem sjást í tölfræði Konukot í fækkunum frívísana og alvarlegra atvika.

Konukot nýtur þess að margt fólk vill styðja starfið og þannig er hægt að vinna að umbótum í aðstöðunni. Á síðasta ári var áhersla á öryggismál og voru sett upp öflugra öryggiskerfi í Konukoti sem kostað er af styrkfé.

Félagið hefur sett þunga í málsvarastarf og þá sérstaklega á nauðsyn þess að bætt verði úr stefnumótun í málaflokknum í átt til skaðaminnkunar og mannréttinda í samræmi við þá

þekkingu sem við búum að í dag. Við höfum skrifað greinargerðir og ályktanir ásamt því að fara í heimsóknir til fólks sem hefur áhrif á stefnumótun, stjórnámálanna og embættismanna ásamt því að vera í skriflegum samskiptum.

Við höfum fengið góða styrki á árinu og munar þar mest um styrki frá heilbrigðisráðuneyti og þá barst óvæntur glaðningur úr matvælaráðuneyti þar sem verið var að leggja niður líknarsjóð Sigríðar Melsteð sem stofnaður var 1914. Matvælaráðherra sleit honum með [athöfn hinn 21. desember](#) þar sem Rótinni áskotnaðist styrkur upp á 7,6 milljónir og önnur félög sem vinna að bættum hag kvenna fengu einnig veglega styrki. Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra, sagði við þetta tækifæri:

Orðalag skipulagsskrár sjóðsins ber keim af tíðaranda síns tíma en þar segir m.a.: „Líknarsjóður þessi skal vera handa ógiftum, heilsuveikum og bágstöddum konum, einkum þeim sem aldar hafa verið upp á góðum og siðprúðum heimilum, og eru siðprúðar.“

Félagið hefur haldið áfram að byggja upp tengsla- og þekkingarnet í Evrópu sem er okkur mikilvæg lífæð. Við höfum starfað að samstarfsverkefnum héraendis sem einnig eru gefandi og mikilvæg og síðast en ekki síst í samræmi við samþykktir félagsins.

Almennt má því segja að árið hafi verið Rótinni hagsælt og vonandi eiga þau fræ sem við höfum sáð á árinu eftir að gefa ávöxt á næsta starfsári og því næsta.

Aðild og þátttaka

Notendaráð heilbrigðisþjónustu

Nýtt ráð sem heilbrigðisráðherra skipar í. Ráðið er skipað samkvæmt tilnefningum sjúklinga-samtaka og er tilgangur þess að tryggja að sjónarmið notenda séu höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku um atriði sem varða hagsmuni sjúklinga innan heilbrigðisstofnana. Kristín I. Pálsdóttir er aðalfulltrúi Rótarinnar í ráðinu og Helga Baldvins Bjargardóttir varamaður.

Kvenréttindafélag Íslands.

Rótin er aðili að Kvenréttindafélaginu síðan árið 2020 og talskona tók þátt í aðalfundi félagsins vorið 2023.

Mannréttindaskrifstofa Íslands.

Rótin samþykkti á aðalfundi 2022 að sækja um aðild að Mannréttindaskrifstofunni og var umsókn félagsins samþykkt í haust. Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir er aðalfulltrúi félagsins í fulltrúaráði og Kristín I. Pálsdóttir varafulltrúi.

Námskeið og vinnustofur

Þjálfun fagfólks í Eistlandi




Í byrjun júní fóru þær Kristín og Þórunn Sif úr ráði Rótarinnar til Tallinn til að fræða eistneskt fagfólk, úr barnavernd, í úrræðum fyrir ofbeldi í nánnum samböndum, saksóknara, lögreglu og fleiri, um samslátt ofbeldis í nánnum samböndum og vímuefnavanda.

Að tileinka sér áfallamiðaða nálgun í refsivörslukerfi

13. og 14. september sóttu 45 starfsmenn Fangelsismálastofnunar, HH geðheilsuteymis fangelsa og ráðskonur og starfskonur Rótarinnar námskeiðið „Að tileinka sér áfallamiðaða nálgun“ sem miðar að því að bæta þjónustu í refsivörslukerfinu.

Vaxandi þekking er á áhrifum vanrækslu og áfalla á á heilsu, bæði líkamlega og andlega, og hegðun fólks sem kallar á að innan stofnana og úrræða sé þekking á áhrifum áfalla. Starfsfólk sem fær þjálfun í áfallamiðaðri nálgun öðlast betri skilning á hegðun sem oft er afleiðing erfiðrar reynslu í æsku og nýja færni í að bregðast við slíkri hegðun.

Námskeiðið var haldið að frumkvæði Rótarinnar í samstarfi við Fangelsismálastofnun og HH geðheilsuteymi fangelsa með styrk frá Lýðheilsusjóði.



Vinnustofa um heimilisláusar konur og ofbeldi



Rótin, RIKK - Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum fengu heimsókn frá samstarfsaðilum sínum í Union of Women Associations of Heraklion Prefecture á Krít í vinnustofu sem haldin hér á landi þegar þau Spetsidis Nicholas og Elena Founargiotaki komu og áttu góða fundi með fagfólki og heimsóknum á þjónustustaði heimilisláusra kvenna. Íslenskt fagfólk veitti góða innsýn í hvað er að gerast í skaðaminnkandi þjónustu fyrir konur á Íslandi hjá Reykjavíkurborg, Landspítala, Skjólinu og Konukoti. Þá var kynning á nýrri MA-ritgerð Kolbrúnar Kolbeinsdóttur um reynslu kvenna af Konukoti.

Umræðukvöld

Umræðukvöld voru tekin upp á starfsárinu eftir hlé á tímum kórónafaraldursins.

- 14. nóvember 2022 - Meðferðarheimilið Varpholti/Laugalandi með Gígju Skúladóttur og Írisi Ósk Friðriksdóttur.
- **21. febrúar 2023** - Helena Bragadóttir, geðhjúkrunarfræðingur, kynni lokaverkefni sitt til MSc-gráðu í heilbrigðisvísindum. Tilgangur rannsóknar Helenu var að skoða reynslu kvenna með fíknivanda af námskeiðinu „Núvitund sem bakslagsvörn“, eða MPRP (e. *Mindfulness based relapse prevention*) sem er sniðin að einstaklingum með fíknivanda og skoða hvort það gagnist sem bakslagsvörn eða við einkennum geðraskana.
- **7. mars 2023** - Kolbrún Kolbeinsdóttir, kennari og kynjafræðingur, flutti erindið „Eini staðurinn í samfélaginu þar sem ekki er horft niður á þig“: Reynsla kvenna af Konukoti“ en Kolbrún lauk MA-námi í kynjafræði í febrúar og skrifaði lokaverkefni sitt um gesti Konukots.



Innland samstarfsverkefni

- Rótin hefur tekið þátt í **16 daga átaki gegn ofbeldi** undanfarin ár. Helga Baldvins Bjargadóttir skrifaði af þessu tilefni greinina „[Að hundsa ofbeldið og refsar fyrir afleiðingarnar](#)“ sem birtist í Fréttablaðinu 14. desember 2022.
- Þjálfun starfsfólks í réttarvörslukerfi var samstarfsverkefni geðheilsuteymi fanga (GHF) og Fangelsismálastofnun (FMS), sem miðaði að því að bæta þjónustu í refsivörslukerfi. Verkefnið var fjármagnað af Lýðheilsusjóði og lauk með námskeiði í september 2022.
- Samstarfsverkefni Rótarinnar og Kvennaathvarfs um námskeið fyrir konur í kvennaathvarfi um áföll og vímuefnanotkun lauk á árinu.
- Rótin fékk styrk frá heilbrigðisráðuneyti til að bjóða upp á lágþröskulda heilsugæslu fyrir konur í Konukoti og jaðarsettar konur. Þjónustan verður veitt í Skjólínu, dagsetri Hjálparstarfs kirkjunnar og hefst í haust. Boðin verður almenn heilbrigðisþjónusta.
- Ráðstefna um kyn og fíknistefnu verður haldinn dagana 17.-18. október í samstarfi við RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum og fleiri aðila. Þetta er þriðja ráðstefnan sem haldin er af Rótinni og RIKK um kyn og fíkn.

Erlend samstarfsverkefni

MARISSA-verkefnið

[MARISSA](#) (Multi-agency approach to support victims of intimate partner violence with substance abuse issues) lauk í upphafi starfsársins. MARISSA var tveggja ára Evrópskt samvinnuverkefni (2020-2022) þriggja háskóla og þriggja félagasamtaka á Grikklandi, Eistlandi og Íslandi sem hlaut styrk úr áætlun Evrópusambandsins um réttindi, jafnrétti og borgararétt.

Markmið verkefnisins var að fjalla um samslátt heimilisofbeldis og vímuefnavanda og byggja upp þekkingu og þjálfna starfsfólk sem vinnur með konum sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi og glíma við vímuefnavanda.

Helstu afurðir verkefnisins eru:

- [Handbók](#)
- [Parfaggreining](#)
- Stefnumótunartilmæli sem kynnt hafa verið velferðarnefnd Alþingis og heilbrigðisráðherra.

Heimilisláusar konur og ofbeldi

Mikill áhugi er á áframhaldandi samstarfi þátttakenda í MARISSA-verkefninu og fékk hópurinn styrk frá [Uppbyggingarsjóði EES](#) að þróa annað verkefni og sækja um styrki til þess. Að þessu sinni er fjallað um heimilisláusar konur og ofbeldi.

Rótin, RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum tóku á móti grískum samstarfsaðilum, frá Union of Women Associations of Heraklion Prefecture á Krít, í lok janúar 2023 þar sem fundað var með fagfólki og farið í heimsóknir.



Þátttakendur fengu góða innsýn í hvað er að gerast í skaðaminnkandi þjónustu fyrir konur á Íslandi, hjá Reykjavíkurborg, Landspítala, Skjólínu og Konukoti ásamt kynningu á nýrri MARITgerð Kolbrúnar Kolbeinsdóttur um konur í Konukoti.

Together Aware - Þjálfun starfsfólks í Eistlandi

Together Aware. "Trained specialists help to reduce domestic violence in Estonia". Handbók og þjálfun fyrir starfsfólk í ofbeldisúrræðum og ofbeldis í nánnum samböndum er verkefni sem samtökin Women's Support and Information Center NPO í Tartu í Eistlandi leiddu. Verkefnið hlaut styrk úr uppbyggingarsjóði EES. Þáttur Rótarinnar var að skrifa kafla í bók um samslátt ofbeldis og vímuefnavanda. Sjá upplýsingar her að framan um vinnustofu sem Rótin hélt utan um í Riga í Eistlandi.

QueerCare

Verkefnið QueerCare er fjármagnað af Active Citizens Fund, sem er stuðningur EES við verkefni í 15 löndum í Austur-Evrópu, Kýpur, Möltu og Portúgal. Sjóðurinn stuðlar að

umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa lakar í efnahagslegu tilliti. Portúgölsku samtökin Kosmicare og Gentropia eru samstarfs-aðilar í verkefninu. Markmið þess er að stuðla að þjónustu fyrir hinsegin fólk með vímuefnavanda sem er menningarnæm og inngildandi (e. *inclusive*). Hlutverk Rótarinnar í verkefninu er að taka þátt í þjálfun fagfólks og öllum aðgerðum er varða kynningu og dreifingu efnis.

European Group on Gender and Drugs

European Group on Gender and Drugs. Kristín I. Pálsdóttir er þátttakandi í þessum sérfræðingahópi á vegum Eftirlitsmiðstöðvar Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn (e. European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction, EMCDDA). Hópurinn skipulagði m.a. hliðarviðburð um vímuefni út frá kynjasjónarmiðum á stærstu ráðstefnu í málaflokknum, Lisbon Addictions, sem haldin var í Lissabon frá 23.-25. nóvember 2022 og var hliðarviðburðurinn 22. nóvember. Kristín tók þátt í honum og sat ráðstefnuna.

Ávörp og erindi

Rödd Rótarinnar hefur heyrt víða á árinu. Rótarkonur hafa tekið þátt í umræðum, haldið erindi og fræðslufundi á starfsárinu og má þar nefna:

- Halldóra R. Guðmundsdóttir, forstöðukona í Konukoti, tók þátt í ráðstefnu um skaðaminnkun á vegum samtakanna Matthildar hinn 7. september með erindi um innleiðingu á áfallamiðaðri nálgun og þjónandi leiðsögn í skaðaminnkunarúrræði, Konukoti.
- 
- 26. apríl 2023 - **Fíknistefna og mannréttindi kvenna**. Kristín I. Pálsdóttir, talskona og framkvæmdastýra flutti erindi Rótarinnar, á málstofunni Mannréttindi - innan lands og utan sem haldin var Mannréttindaskrifstofu Íslands.
 - **5. maí 2023** - Rótin ályktaði um skaðaminnkun og afglæpavæðingu og benti á að afglæpavæðing neysluskammta er ekki valkvæður hluti skaðaminnkunarstefnu, hún er lykilþáttur í því að tryggja mannréttindi fólks með vímuefnavanda. Tilefnið var að heilbrigðisráðherra hætti við að leggja fram frumvarp um neysluskammta á þessu þingi. Greinargerð fylgdi ályktuninni.
 - 13. maí 2023. - **Kynjaping**. Mannréttindi kvenna með vímuefnavanda og Konukot.. Kristín I. Pálsdóttir og Helga Lind Mar, teymisstjóri í Konukoti héldu erindi á Kynjapingi Kvenréttindafélagsins.

Fundir og heimsóknir

- Þær Sara Stef Hildardóttir og Kristín kynntu MARISSA-verkefnið fyrir Jafnréttisskrifstofu forsætisráðuneytis hinn 14. júní 2022 og ræddu um kynjaða þætti vímuefnavanda og mikilvægi kynjasambættingar í fíknistefnu.
- Kristín I. Pálsdóttir, talskona, tók þátt í samráðsfundi Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra, um stöðu mannréttinda hinn 31. ágúst 2022. Fjallað var um landið þar sem fjallað verður um stöðu mannréttinda, helstu áskoranir, tækifæri og valkosti til framfara og er fundaröðin liður í vinnu við Grænbók um mannréttindi þar sem lögð er áhersla á víðtækt samráð í ferlinu. Mjög mikilvægt er að koma röddum jaðarsettra og fólks með vímuefnavanda inn í þessa vinnu þar sem sá málaflokkur hefur verið jaðarsettur með útvistun til einkaaðila og félagasamtaka og hefur dregist aftur úr í þróun mannréttinda og jafnræðis.
- 27. júní 2022 hélt Kristín, talskona, erindi um vímuefnavanda og kynjasambættingu á Norrænu vímuvarnaráðstefnunni.
- Hinn 11. ágúst mætti Kristín, talskona, á opnun áfangaheimilis Reykjavíkurborgar fyrir konur á Njálsgötu 65.
- Í ágúst funduðu Kristín og Halldóra Konukots með mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar um heimilisofbeldi og heimilislaut fólk.
- Rótin tók þátt í vinnustofu um umbreytandi réttlæti (e. *transformative justice*) í kynferðisbrotamálum og ofbeldi í nánum samböndum með Melanie Brazzell þann 29. september 2022. Vinnustofan var haldin á vegum RIKK - Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum í Háskóla Íslands.
- Kristín, talskona, tók þátt í vinnustofu Hugarafls um jafningjahjálp hinn 17. október.
- Kristín, talskona, fór á Lisbon Addictions ráðstefnuna í 21.-24. nóvember. Ráðstefnan er stærsta fíkniráðstefna sem haldin er í Evrópu. Einnig var haldinn hliðarviðburður um konur og vímuefni sem Kristín tók þátt í.



- Kristín, talskona, heimsótti meðferðarsamfélagið (e. *therapeutic comm-unity*) De Kiem í nágrenni Gent í Belgíu í byrjun desember 2022. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna meðferðarstarfinu en De Kiem, sem þýðir 'kím' eða 'kímblað' á íslensku, rekur m.a. þjónustu fyrir konur með börn. Þær koma ýmist á meðgöngu eða eftir fæðingu og geta dvalið í eitt og hálf ár í meðferðinni. Eftir það gefst þeim færi á að fara á áfangheimili.



- [Heimsókn og greinargerð til forsætisráðherra](#) vegna Varpholts. Systurnar Gígja og Brynja Skúladætur fundu með Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra, ásamt talskonu Rótarinnar síðasta dag janúarmánaðar 2022. Systurnar greindu frá sínum áherslum varðandi réttlæti til handa þeim konum sem vistaðar voru á Laugalandi/ Varpholti og lögðu áherslu á að enn væri langt í land að réttlætinu væri fullnægt. Þær lýstu þeirri skoðun sinni að greinargerð hjá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) um meðferðarheimilið í Varp-holti og á Laugalandi árin 1997-2007 hefði ekki staðið undir væntingum, hvorki ferlið né niðurstöðurnar. Eftir fundinn fékk forsætisráðuneytið greinargerð Rótarinnar um réttlæti og reynslu kvenna af vistun í Varp-holti/ Laugalandi þar sem farið er yfir ágalla á skýrslu GEV.



gigjaskula Klukkutíma langur fundur með forsetisráðherranum Katrín Jakobs, Kristínu talskonu Rótarinnar, mér og systur minni Brynju. Málafni fundarins var vistheimili, skýrslan um Varpholt/ Laugarland

- Helga Baldvins Bjargardóttir heimsótti Oddfellow-stúkuna Þórstein hinn 6. des. 2022 og tók á móti veglegum styrk til Konukots.
- Heimsókn til félags- og vinnumálaráðherra, Guðmundar Inga Guðbrandssonar, hinn 11. janúar 2023. Þær Kristín og Marta Sigríður áttu gott samtak um málaflokk kvenna með vímuefnavanda.
- Marta Sigríður, ráðskona, fór sem fulltrúi Rótarinnar á árlegan fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) sem var haldinn í 67 skipti dagana 6-17. mars 2023 í New York. Þema fundar kvennanefnd-arinnar árið 2023 (CSW-67) var: Innovation and technological change, and education in the digital age for achieving gender equality and the empowerment of all women and girls. Svokallað endur-skoðunarpema (review theme) var sömu-leiðis gegnumgangandi þar sem litið var á árangur af samþykktum niðurstöðum fyrri ára (í þessu tilfalli frá CSW-62) er það: Challenges and opportunities in achieving gender equality and the empowerment of rural women and girls. Þátttakan var styrkt af Forsætisráðuneyti.
- Ráðskonurnar Kristín og Sif mættu á fund starfshóps sem falið var að skoða laga- og reglugerðarumhverfi þjónustu vegna ofbeldis og koma með tillögur um hvernig best megi tryggja þá þjónustu sem standa þarf bæði þolendum og gerendum ofbeldis til boða, einkum m.t.t. Ístanbul samningsins (samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi).
- Kristín I. Pálsdóttir, talskona, hélt erindi um starf Rótarinnar fyrir félagi í Oddfellow-stúkuni Þórsteini hinn 11. maí 2023.
- Sádí-Arabíska sjónvarpskonan Raha Moharrak frá Al Mashad sjónvarpsstöðinni í Dubai kom til Íslands og tók viðtal við Kristínu, talskonu, í mars. Raha heldur úti þátturm um konur um víða veröld sem hafa gert áhugaverða hluti en sjálf var hún fyrsta konan frá heimalandi sínu til að komast á topp Everest-fjalls.
- Talskona fór í viðtal við framleiðendur heimildarþáttaraðarinnar „Fólk eins og við“ sem fjallar um fólk sem notar vímuefni og skaðaminnkun.



Fréttir og viðtöl

Félagið leitast við að vekja athygli á málstað sínum í fjölmiðlum og á árinu birtust eftirfarandi viðtöl og fréttir. Ekki er um tæmandi lista að ræða.

- [Konukot yfirfullt](#). Vísir, 12. október 2022.
- [Purfa að sofa í sófa og stólum](#). Vísir. 12. október 2022
- [Segir kynjaskipta áfengismeðferð nauðsynlega fyrir konur](#). Dv.is. 1. maí 2023.
- [Málefni Varpholts/Laugalands](#). Morgunútvarpið, Rás 2. 17. nóvember 2022.
- [Úthlutar 30 milljónum](#). Mbl.is, 11. janúar 2023.
- [Gætu losnað undan hænum á þeim sem útvegjar þeim efnin](#). Vísir, 22. febrúar 2023.
- [Dæmi um að fólk ofskammti í garðinum hjá Konukoti](#). Vísir, 23. febrúar 2023.
- [Umönnun heimilislausra þarfnast róttækrar endurskoðunar](#). Sprengisandur á Bylgjunni, viðtal við Kristínu talskonu. 26. febrúar 2023.
- [Ísland aftarlega á merinni þegar kemur að skaðaminnkandi stefnu](#). Vísir.is, 26. febrúar 2023.
- [Þarf stórfellt átak ríkis og sveitarfélaga fyrir heimilislausu](#). Viðtal við Elísabetu Herdísar Brynjarsdóttur ráðskonu. Vísir.is, 21. febrúar 2023.
- [Gista í neyðarskýlum vegna stöðu húsnæðismarkaðarins](#). Heimildin, 3. maí 2023.
- [Skora á ríkisstjórnina í fíkniefnamálum](#). Mbl.is, 8. maí 2023.
- [Fjallað var um ópíóðafíkn á Alþingi](#) 9. maí og vitnað í Rótina í ræðu Þórunnar Sveinbjarnardóttur: "Rótin, félag um velferð og lífsgæði kvenna, hefur lýst vonbrigðum sínum með að heilbrigðisráðherra hafi horfið frá að gera vörslu neysluskammta vímuefna refsilausa. Afglæpavæðingin svokallaða er ekki valkvæður hluti skaðaminnkunarstefnu heldur lykilþáttur í því að tryggja mannréttindi fólks með vímuefnavanda. Mig langar til að vitna í ályktun Rótarinnar frá 5. maí: „Refsistefna í lögum, hvernig sem hún er framkvæmd, skaðar vímuefnanotendur, viðheldur fordómum, jaðarsetningu og vinnur gegn mannréttindum. Hún er líka sérstaklega skaðleg konum sem sprauta vímuefnum í æð vegna stöðu þeirra í kynjuðu stigveldi notenda ólöglegra vímuefna.“"

Rekstrarreikningur ársins 2022

Rótin - félag um velferð og líf

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur.....	1	159.167.383	141.311.993
		159.167.383	141.311.993
Vörukaup			
Vörukaup.....	2	3.444.160	3.652.606
		3.444.160	3.652.606
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	3	149.224.197	116.619.663
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	4	3.770.996	9.769.092
Annar rekstrarkostnaður.....	5	11.772.047	7.385.818
Afskriftir fastafjármuna.....		341.620	113.597
Samtals gjöld		168.553.020	137.540.776
Rekstrarhagnaður/ (tap)		(9.385.637)	3.771.217
Fjármagnsgjöld.....		(331.534)	(103.466)
Hagnaður/(tap) ársins		(9.717.171)	3.667.751

Reikningar félagsins

Rekstrarreikningur 31.12.2021	31.12.2021	31.12.2020
Rótin		
Rekstrartekjur		
Sala undanþegin vsk skv. 2. gr	1.629.450 kr	144.000 kr
Námskeiðsgjöld	7.350 kr	1.361.900 kr
Námskeiðsgögn	0 kr	22.500 kr
Ráðgjöf	752.200 kr	86.000 kr
Styrkir Rvk-borg	0 kr	8.236.000 kr
Aðrir styrkir	564.460 kr	12.368.806 kr
Styrkið Ríkið	12.305.000 kr	12.550.000 kr
Samtals tekjur	15.258.460 kr	34.769.206 kr
Vörukaup		
Vörukaup	0 kr	200.000 kr
	0 kr	200.000 kr
Laun og launatengd gjöld		
Laun	6.697.665 kr	5.713.282 kr
Tryggingargjald	488.668 kr	425.691 kr
Mótframlag í lífeyrissjóð	1.169.247 kr	990.506 kr
Félagstengd gjöld	252.503 kr	214.490 kr
Námskeið og þjálfun starfsmanna	16.931 kr	479.000 kr
Annar starfsmannakostnaður	61.825 kr	133.478 kr
Hlunnindi	144.000 kr	24.000 kr
	8.830.839 kr	7.980.447 kr
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
Síma og Internetkostnaður	0 kr	43.307 kr
Frímerki og burðargj.	2.240 kr	0 kr
Rekstur kaffistofu		0 kr
Rekstrarvörur og smááhöld	42.669 kr	0 kr
Rekstur tölvukerfis	8.293 kr	8.480 kr
Þjónustugjöld hugbúnaðar	43.043 kr	50.890 kr
Hugbúnaður	19.858 kr	0 kr
Ferðakostnaður	148.985 kr	0 kr
Aðkeypt sérfræðiaðstoð / verktakar	325.000 kr	250.000 kr
Aðkeypt vinna í sal	7.000 kr	17.500 kr
Ráðgjöf/viðtöl	4.139.455 kr	1.830.000 kr
Kostnaður við stofnun félaga	0 kr	1.000 kr
Ýmis aðkeypt þjónusta	381.194 kr	60.000 kr
Funda og viðskiptakostnaður	66.390 kr	22.208 kr
Ýmis kostnaður skrifstofa	0 kr	46.439 kr
	5.184.127 kr	2.329.824 kr

Rekstrarreikningur 31.12.2021	31.12.2021	31.12.2020
Deild: Konukot		
Rekstrartekjur		
Sala undanþegin vsk skv. 2. gr	650.000 kr	0 kr
Aðrar tekjur án vsk	2.636.056 kr	0 kr
Styrkir Rvk-borg	98.756.228 kr	0 kr
Aðrir styrkir	801.821 kr	1.318.200 kr
Styrkir Konukot	17.422.627 kr	23.790.001 kr
Fatamarkaður Konukot	5.786.801 kr	1.072.300 kr
Samtals tekjur	126.053.533 kr	26.180.501 kr
Vörukaup		
Matvara konukot	2.166.888 kr	229.146 kr
Hreinlætisvörur sóttir	1.283.925 kr	352.647 kr
Lyfjakostnaður	141.448 kr	0 kr
Tóbak konukot	60.345 kr	0 kr
Flutningskostnaður	0 kr	2.930 kr
	3.652.606 kr	584.723 kr
Laun og launatengd gjöld		
Laun	87.547.347 kr	15.004.477 kr
Tryggingargjald	6.068.603 kr	1.081.213 kr
Mótframlag í lífeyrissjóð	10.167.704 kr	1.733.323 kr
Mótframlag í séreignasjóð	1.734.196 kr	259.172 kr
Félagstengd gjöld	1.430.148 kr	248.752 kr
Slysatryggingar starfsmanna	139.961 kr	134.235 kr
Námskeið og þjálfun starfsmanna	281.500 kr	0 kr
Annar starfsmannakostnaður	383.365 kr	589.852 kr
Hlunnindi	36.000 kr	6.000 kr
	107.788.824 kr	19.057.024 kr
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
Síma og Internetkostnaður	429.015 kr	33.347 kr
Rekstur kaffistofu	346.857 kr	13.680 kr
Rekstrarvörur og smááhöld	195.239 kr	86.635 kr
Þjónustugjöld hugbúnaðar	625.785 kr	69.033 kr
Ferðakostnaður	138.000 kr	0 kr
Lögfræðikostnaður	220.884 kr	0 kr
Afgreiðsla fatamarkaður	1.347.806 kr	274.295 kr
Ráðgjöf/viðtöl	100.000 kr	420.000 kr
Félagsgjöld	4.000 kr	0 kr
Funda og viðskiptakostnaður	2.510 kr	19.146 kr
Ýmis kostnaður skrifstofa	3.500 kr	72.317 kr
	3.413.596 kr	988.453 kr

Starfsáætlun

Konukot er stærsta verkefni félagsins eins og undanfarin ár. Mikilvægir samningar náðust við Reykjavíkurborg um að koma á mótis við launahækkanir sem hlutust af endurröðun í launaflokka starfsfólks í gistiskýlum.

Samningur Rótarinnar og Reykjavíkurborgar um rekstur Konukots rennur út 1. október 2023 og því standa fyrir dyrum samningar við borgina um áframhaldandi rekstur en félagið hefur tjáð Reykjavíkurborg að áhugi sé á því.

Breytingar sem unnið hefur verið að í Konukoti hafa skilað góðum árangri í gæðum starfsins og því væri gott að geta haldið áfram með verkefnið.

Einnig hefur verið unnið að því að bæta aðstöðuna í **Konukoti** með styrktarfé sem hafa borist til Konukots. Öryggiskerfi hefur t.d. verið bætt.

Umræðukvöld voru tekin upp sl. haust og næsta starfsár er stefnt að 2-3 umræðukvöldum að hausti og vori

Heilbrigðisverkefni í Konukoti fer af stað í haust í samstarfi við skjólið. Það er fjármagnað af heilbrigðisráðuneyti og verður gerð rannsókn á árangrinum.

Þriðja ráðstefna félagsins verður haldin 17.-18. október með erlendum og innlendum þátttakendum. Að þessu sinni er meginþemað mannréttindi og fíknistefna.

Félagið er komið með gott tengslanet erlendis m.a. í gegnum **Evrópuverkefni** og er áhugi á að nýta þau til frekari þekkingaruppbyggingar.

Samstarfsvettvangur kvenna sem vinna með konum hefur ekki farið af stað aftur eftir Covid og væri gaman að endurvekja hann.

Mikil vinna hefur verið lögð í að þýða og byggja upp **námskeiðshald** á vegum félagsins og alls hafa fjögur af námskeiðum Stephanie Covington og félaga hennar verið þýdd, tvö námskeið fyrir konur og einnig tvö námskeið fyrir karla og á starfsárinu þarf að koma útgáfu efnisins í gott form.

Þrátt fyrir að margt hafi færst til betri vegar í málefnum fólks með vímuefnavanda á undanförunum árum eru breytingarnar meiri á sveitarstjórnarstiginu en hjá ríkinu þar sem enn skortir mikið á að til sé skýr stefnumótun, klínískar leiðbeiningar, gæða-viðmið, leiðbeiningar um góðar venjur og starfshætti. Það eru því enn ótal verkefni í réttindabaráttu og hagsmunagæslu fyrir konur með vímuefnavanda á Íslandi sem Rótin getur einbeitt sér að.

Á komandi starfsári verður nóg að gera í hagsmunabaráttu fyrir konur og kvára með vímuefnavanda og mun félagið leggja sig fram um það.

Ársskýrsla Konukots 2022

F.h. Rótarinnar – Félags um velferð og lífsgæði kvenna
Kristín I. Pálsdóttir, talskona Rótarinnar og
Halldóra R. Guðmundsdóttir, forstöðukona Konukots

29. mars 2023

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	19
Inngangur.....	20
Tölfræði	21
Jákvæðar afleiðingar verklagsbreytinga	24
Stefna og gæðaviðmið í Konukoti	25
Áfallamiðuð nálgun.....	25
Skaðaminnkun.....	26
Kvennamiðuð þjónusta.....	26
Þjónandi leiðsögn.....	28
Niðurstaða.....	29

Inngangur

Hér á eftir fer yfirlit yfir tölfræði fyrir Konukot fyrir árið 2022. Tölurnar eru settar í samhengi við tölfræði síðustu tveggja ára til að sjá þróunina sem orðið hefur á árunum 2020 til 2022 en Rótin tók við rekstri Konukots árið 2022.

Því miður er það svo að konum er að fjölga sem koma í Konukot og þær dvelja þar lengur en áður. Þó að okkur vitanlega hafi ekki verið gerðar úttektir á þessari þróun má gera sér í hugarlund nokkra þætti sem hafa áhrif.

Fyrst ber að nefna Covid-19 sem hefur haft mikil áhrif á jaðarsett fólk og fólk í viðkvæmri stöðu í Evrópu. Reyndar var það svo að á Covid-tímanum fengu margir heimilislausir mun betri þjónustu en áður, ekki síst konur, þar sem opnað var sérstakt neyðarskýli á hóteli fyrir þær í Reykjavík þar sem þær þurftu ekki að fara út á daginn. Þessi tilraun í bættri þjónustu virðist hafa skilað þeim árangri að margar konurnar eru mun betur settar í dag en ætla mætti að verið hefði án hennar. Innlokun og ströng fyrirmæli um hegðun getur þó reynst þessum hópi mjög mótdræg.

Þegar Covid lauk komu túristarnir aftur til landsins og það þýddi að húsnæðismarkaðurinn varð erfiðari, bæði dýrari og erfiðara að fá húsnæði. Það er líklegt að þessar aðstæður hafi mikil áhrif á heimilisleysi ekki síst þar sem sköpuðust kjöraðstæður fyrir ofbeldi í nánnum samböndum en það er helsta ástæða fyrir heimilisleysi kvenna.

Margar borgir í Evrópu og Bandaríkjunum hafa sett, eða eru að íhuga að setja, strangari reglur um skammtímaleigu, Airbnb t.d., vegna þess hversu alvarleg áhrif það hefur haft á félagslega uppbyggingu borganna. Þetta á við fjölda borga í Þýskalandi og Lissabon hefur sett reglur sem banna útgáfu leyfa fyrir túristaíbúðir.


Stjórnvaldsákvörðanir og stefna, eða ákvarðana- og stefnuleysi, hefur áhrif á heimilisleysi. Ef marka má þá tölfræði sem birtist okkur í Konukoti þarf að grípa til róttækra aðgerða gegn þeirri alvarlegu þróun að konum þar sé að fjölga jafn mikið og raun ber vitni. Alvarlegast er að konur sem koma í fyrsta skipti í Konukot eru að dvelja þar mun fleiri daga en áður.

Ekki er óskandi að sjá fleiri neyðarskýli fyrir heimilislaustr fólk á Íslandi. Markmiðið hlýtur að vera að útrýma heimilisleysi og til þess þarf samtakamátt ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Við þurfum fjölbreyttari þjónustu og stjórnvaldsaðgerðir sem koma í veg fyrir vaxandi fátækt og misskiptingu.


Gömlu dæmisöguna um kanarífuglana í kolanámunni, sem voru viðvörunarmerki um að hættulegt magn metans væri í námum, má yfirfæra á Konukot þannig að eftir því sem gestum þar fjölgar er hægt að líta á það sem hættuástand í samfélaginu sem fellst í því að misrétti er komin á hættulegt stig.

Tölfræði

Árið 2022 nýttu 92 konur sér þjónustu Konukots og heildar gistinætur notanda voru 3.883 nætur sem þýðir að meðaltalið 10,6 konur í húsi á hverri nóttu. Nýting kvennanna var mismikil og styst var dvölin 1 nótt en sú kona sem dvaldi lengst var þar í 351 nótt. Á töflunni sést samanburður á milli gistinátta síðustu þriggja ára og hve gríðarleg fjölgun er í hópi gesta í Konukoti á þessu tímabili.




Þegar heildartala gistinátta síðustu þrjú ár er skoðuð sést þessi fjölgun mjög skýrt. Um 10% gistinátta, 362, árið 2022 eru tilkomnar vegna gesta úr öðrum sveitarfélögum en Reykjavík.




Þegar nýting, það er fjöldi kvenna sem kemur í Konukot á mánuði, er skoðuð sést að árið 2022 eru konurnar alltaf fleiri en 30 í hverjum mánuði, nema í febrúar og desember, miðað

við að árin á undan en þá var sjaldgæft að sjá fjölda gesta fara upp í 30, það gerðist einu sinni árið 2020 og tvisvar árið 2021.



Þegar litið er til fjölda gistinguáttanna á hverja konu sést sama tilhneiging, hver kona er að gista fleiri nætur á ári í Konukoti:




Þegar litið er til nýliðunar í Konukoti árinu stingur í augu að konur sem eru að koma í fyrsta sinn eru að gista mikið fleiri nætur yfir árið en síðustu ár sem bendir til þess að erfiðara sé að

komast inn í viðeigandi úrræði eða húsnæði. Á árinu komu 29 nýjar konur í Konukot sem er ekki mikið frávik frá fyrri árum en það sem stingur í augu að þær gista miklu fleiri nætur en árið áður eða alls 20 nætur að meðaltali á hverja konu en þessi tala var þrjár nætur á síðasta ári og 6 árið þar á undan.


Nýjar konur í Konukoti			
Ár	Fjöldi	Gistinætur	Meðaltal
2022	39	766	20
2021	44	126	3
2020	32	199	6

Mikil fækkun var í útköllum á lögreglu árið 2022 en þau fóru úr, 103 í 65 þar af hringdu notendur sjálfir 14 sinnum. Útköllum í sjúkrabíla fækkaði líka úr 83 árið 2021 í 65 árið 2022. Þegar horft er á fjölgun í húsinu þá eru þessar tölur mjög jákvæðar og útköllum á lögreglu fækkar um helming ef miðað er við hlutfall útkalla á gistingu og útköllum sjúkrabíl fækkar líka um 40%.


Þá fækkaði alvarlegum atvikum í húsi einnig mjög mikið eða úr 37 í 13. Engin alvarleg líkamsárás var gerð á starfsmann árið 2022. Líklegt er að breytt nálgun í starfi með innleiðingu þjónandi leiðsagnar og áfallamiðaðrar nálgunar hafi þarna áhrif.



Frávísanir voru 38 árið 2021, 2 í 30 daga, 6 í 3-7 daga, 5 í 24 klst., kæling í 25 skipti og samtals voru þetta 38 frávísanir. Árið 2022 voru frávísanir 4 alls, ein kæling og 3 sinnum var konum vísað frá í 24 tíma. Þessi árangur tengist markvissri vinnu við að innleiðingu áfallamiðaðrar nálgunar og þjónandi leiðsagnar í Konukoti.



Að lokum er hér yfirlit yfir aldursskiptingu gesta í Konukoti á árunum 2020-2022. Þar má sjá að konum í yngstu aldursflokkunum, 18-30 ára, hefur fjölgað talsvert árið 2022. Það er áhyggjuefni en það getur líka þýtt að konurnar treysti sér til að koma í Konukot. Ekki er hægt að fullyrða um það án frekari gagna. Þetta eru í öllu falli of háar tölur ungra kvenna.



Jákvæðar afleiðingar verklagsbreytinga

Þegar Rótin tók við rekstri Konukots voru tæp þrjú stöðugildi sem sjálfbóðaliðar inntu af hendi og forstöðukona var eini stjórnandinn í húsinu. Með samningum við Reykjavíkurborg tókst að tryggja fulla mönnun vakta með launuðum starfskonum og einnig var ráðinn teymisstýra í hálfstarf sem einnig sinnir vöktum í hálfu starfi. Teymisstýra er staðgengill forstöðukonu og hefur fyrirkomulagið reynst mjög vel og stuðlað að bættum gæðum starfsins.

Mikilvægt er í slíku starfi að skapa stöðugleika þar sem hægt er því að nóg er af óvissuþáttum sem er einkenni á rekstri neyðarskýlis. Breytingin stuðlar að meiri stöðugleika í starfinu.

Mikil fækkun var í útköllum á lögreglu árið 2022, þau fóru úr 103 í 65, þar af hringdu notendur sjálfir 14 sinnum. Útköllum sjúkrabíla fækkaði líka úr 83 árið 2021 í 65 árið 2022. Þegar horft er á fjölgun í húsinu þá eru þessar tölur mjög jákvæðar og útköllum á lögreglu fækkar um 50%, miðað við hlutfall útkalla á hverja gistinótt, og útköllum sjúkrabíl fækkar um 40%. Alvarlegum atvikum í húsi fækkaði mikið eða úr 37 í 13. Engin alvarleg líkamsárás var gerð á starfsmann árið 2022.

Á árinu voru teknir upp húsfundir með notendum hússins sem haldnir eru einu sinni í mánuði og er þá farið yfir stöðuna, reglur og breytingar gerðar í samráði við notendur. Slíkt skipulagt notendasamstarf hefur reynst vel og haft jákvæð áhrif á starfið.

Tvö smáhýsi eru staðsett við Konukot og þjónustar Konukot íbúana með mat og annað sem til fellur. Þetta sambylí hefur gengið mjög vel.

Stefna og gæðaviðmið í Konukoti

Í kröfulýsingu sem fylgir samningi Róttarinnar við Reykjavíkurborg segir að þjónustan í Konukoti skuli byggjast á grundvelli mannréttinda og skal mannréttindastefna Reykjavíkurborgar höfð að leiðarljósi og vera „áfalla- og kynjamiðuð og fylgja viðmiðum um öryggi, trúverðugleika og gagnsæi, jafningjastuðning, samvinnu og gagnvirkni, valdeflingu og val“. Hún á líka að vera í samræmi við hugmyndafræði skaðaminnkunar, einstaklingsmiðuð, valdeflandi og viðhafa samvinnu og notendasamráð. Þegar Róttín tók við starfsemi í Konukoti kom inn í kröfulýsingu, að ósk félagsins, að þar yrði unnið eftir áfalla og kynjamiðaðri nálgun og „konur sinna konum“-viðmiði.

Þar fyrir utan var þjónandi leiðsögn innleidd í Konukoti vorið 2022 en hún vinnur mjög vel með skaðaminnkun, áfalla- og kynjamiðaðri nálgun þar sem áhersla er á að draga úr valdmiðaðri nálgun og gera þjónustuna notenda- og mannréttindamiðaðri. Lögð var mikil vinna í að þjónusta notendur samkvæmt þeirri hugmyndafræði sem er í miklum samhljómi við áfallamiðaða nálgun og skaðaminnkun. Það gengur vel en slíkar breytingar eru alltaf krefjandi og taka tíma.

Starfskonur hafa bæði sótt námskeið sem hafa verið í boði hjá Reykjavíkurborg og hjá Róttinni til að tileinka sér nýtt vinnulag í Konukoti og styrkja sig í skaðaminnkandi starfi.

Áfallamiðuð nálgun

Áfallamiðuð nálgun færir áhersluna frá „Hvað er að þér?“ yfir í „Hvað kom fyrir þig?“ með því að:

- Viðurkenna djúpstæð áhrif áfalla og hafa yfir að ráða mögulegum leiðum til bata
- Viðurkenna einkenni áfalla hjá þjónustuþegum, fjölskyldum þeirra og starfsfólki
- Samtvinna þekkingu um áföll inn í stefnu, verkferla og vinnulag
- Vinna markvisst að því að koma í veg fyrir að áföll séu endurvakin t.d. með því að forðast að skapa umhverfi sem óafvitandi minnir þjónustuþega á áfallareynslu og veldur því að þeir upplifa tilfinningalega eða líffræðilega streitu

Markmið áfallamiðaðrar nálgunar er að koma í veg fyrir að áföll séu endurvakin og að auka öryggi, val og sjálfstjórn þjónustupega. Hún miðar að því að skilja einstaklinginn frekar en að einblína á vandamál eða einkenni. Því spyrjum við, hvernig get ég skilið þessa konu? Þessi nálgun setur fókusinn á einstaklinginn og í burtu frá takmörkuðu sjónarhorni á virkni hennar. Þannig sendum við líka þau skilaboð að líf hennar sé skiljanlegt og að hegðun hennar sé skiljanleg í samhengi við stóru myndina.¹

Skaðaminnkun

Skaðaminnkun miðar að því að draga úr skaðlegum áhrifum vímuefnaneyslu á notendur þeirra, fjölskyldur þeirra, nærsamfélagið og samfélagið í heild. Þetta er gert með því leitast við að lágmarka skaðann sem neyslan veldur fremur en að koma í veg fyrir notkun vímuefnanna. Skaðaminnkun er gagnreynd og viðurkennd aðferð sem bætir lýðheils og eykur mannréttindi. Hún er ríkjandi í lýðheilsustefnu sem er viðurkennd og studd af Sameinuðu þjóðunum og fíknistefnu og framkvæmdaáætlunum Evrópusambandsins og er hluti af fíknistefnu víðast hvar í Evrópu.

Lengi framan af var skaðaminnkunarhreyfingin lítið að huga að áhrifum kyns á nálgun í skaðaminnkun en þetta er að breytast með meiri þekkingu á þörfum og sögum kvenna sem þurfa skaðaminnkandi þjónustu.

Konur sem nota vímuefni búa við tvöfalda brennimerkingu – stigma – og veigra sér oft við að leita þjónustu þar sem að þá “kemst upp um þær”. Þ.e. að þær séu að nota vímuefni og þær leita líka síður til samfélagsverkefna.

Konur verða oftast fyrir fordómum í heilbrigðiskerfi og jafnvel í skaðaminnkunarþjónustu þar sem þær lenda í neikvæð framkoma starfsfólks og verða fyrir fordómum og búast við að verða fyrir fordómum. Mjög mikilvægt er að þær hafi aðgang að samfélagsþjónustu sem er bæði kvennamiðuð og kynjaskipt. Einnig þarf að gæta að því að samþætta þjónustu og ferla.

Kvennamiðuð þjónusta

Róttín vinnur út frá kvennamiðuðu sjónarhorni og í því fellst að viðurkenna að heimilisleysi kvenna, geðheilsa og vímuefnanotkun getur verið ólík reynslu karla. Kvennamiðuð sjónarhorn horfir til samhengisins í lífi kvenna og hvernig margir þættir fléttast þar saman og lögð er áhersla á mikilvægi þess að byggja upp sambönd kvenna á milli og styðja við tengsl þeirra.

Kjarninn er: Áhersla á konurnar sjálfar, valdefling, aðild og þátttaka, virðing og öryggi.

Kvennamiðuð þjónusta ...

- Horfir til hins flókna veruleika í lífi kvenna
- Felur í sér fjölbreytileika (e. *inclusive*)
- Er heildræn og samþætt (e. *integrated*)
- Kemur til móts við það form tjáningar og samskipta sem konurnar nota
- Veitir upplýsingar og fræðslu

Reynsla kvenna af ofbeldi og kúgun karla verður til þess að þær forðast kynjablandaða þjónustu. Þjónusta þar sem konur sinna konum, þ.e. þar sem bæði starfsfólk og eru konur, skiptir

¹ Sjá Trauma Matters: <https://www.stjoes.ca/hospital-services/mental-health-addiction-services/addiction-services/womankind-addiction-service/trauma-matters.pdf> og Concept of Trauma and Guidance for a Trauma-Informed Approach: https://ncsacw.samhsa.gov/userfiles/files/SAMHSA_Trauma.pdf

sköpum fyrir konur bæði andlega og líkamlega. Kvinnarými eru öruggir staðir þar sem konur geta rætt frjálslagu um reynslu sína.²

Almennt má segja að stuðningur vegna heimilisleysis sé oft settur fram á kynhlutlausan hátt en hins vegar hafa konur sérþarfir og reynslu af óöryggi varðandi húsnæðismál og heimilisleysi. Tvær ástæður eru fyrir því að konur upplifa heimilisleysi á annan hátt. Hin fyrri er að ástæður fyrir heimilisleysi þeirra eru aðrar en karla og hin ástæðan er að konur haga sér öðruvísi í heimilisleysi. Þessi reynsla tengist öðrum félagslegum mismunabreytum eins og kyngervi, kynþætti, þjóðar-uppruna, fötlun, hvort viðkomandi er aðfluttur eða á flótta, félags- og fjárhagsstöðu og kynvitund sem eru grundvöllur margþættrar mismununar sem konur verða fyrir og jaðarsetja þær.³

Því er nauðsynlegt að nýta þá þekkingu og kynjafræðilegu greiningar sem fyrir liggja til að veita konum sem besta þjónustu og við þeirra hæfi. Á síðustu árum hefur margt gerst hér á landi til að fleyta okkur í þá átt, eins og það að neyðarskýli eru öll kynjaskipt og áhugi og þekking á kynbundnum þáttum er vaxandi. Rótin hefur t.d. fengið góða hlustun hvað þetta varðar hjá Reykjavíkurborg sem unnið hefur að úrbótum í þjónustu við konur.

Kvennamiðuð þjónusta er gagnreynd aðferð sem byggir á þekkingu á sérþörfum kvenna og kynjafræðilegum rannsóknum og ráðleggingum alþjóðastofnana, t.d. UN Women, UNFPA, WHO, UNDP og UNODC, og Evrópustofnana ásamt því að mæta sjálfbærnimarkmiðum Sam-einuðu þjóðanna. Hún er í samræmi við þá þekkingu að konur sem glíma við vímuefnavanda, heimilisleysi og jaðarsetningu eiga sér iðulega langa sögu um kynbundið ofbeldi og vanrækslu, bæði innan fjölskyldna og kerfisins. Þessi saga hefur síðan alvarleg áhrif á heilsu þeirra, bæði andlega og líkamlega.

Jafnréttisrófið (WHO - Gender Responsive Assessment Scale: criteria for assessing programmes and policies) er mælikvarði frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni sem er notaður til að máta hvar úrræði í heilbrigðis- og velferðarkerfi standa. Eru þau að stuðla að jafnrétti eða að viðhalda ójafnrétti? Á vinstri endanum ríkir misrétti en á þeim hægri er jafnrétti og aðferðum til að auka jafnrétti er beitt.

² FEANTSA. Guide for developing effective gender-responsive support and solutions for women experiencing homelessness. Sjá: <https://www.feantsa.org/public/user/Resources/resources/Guide%20supporting%20and%20solutions%20for%20women.pdf>.

³ Canadian Centre for Housing Rights. 2023. Canada must have a more inclusive definition of homelessness for women and gender-diverse people. Sjá: <https://housingrightscanada.com/canada-must-have-a-more-inclusive-definition-of-homelessness-for-women-and-gender-diverse-people/>.



4

Markmið Rótarinnar er að vera afl sem hefur jákvæð áhrif í átt til aukins jafnréttis eða *gender-transformative*. Með því að tileinka sér þá nálgun er markvisst unnið að því að skoða, efast um og breyta staðalímyndum og valdaójafnvægi í stað þess að beina sjónum að umbótum kvenna á sjálfum sér (Hillenbrand et al. 2015).

Sjá einnig nánar í Greinargerð Rótarinnar um heimilislausar konur.⁵

Þjónandi leiðsögn

Þjónandi leiðsögn byggir á grunnhugmynd um gagnkvæm tengsl og að við séum öll háð hvert öðru á einn eða annan hátt. Kjarninn í þjónandi leiðsögn er hlýja og skilyrðislaus umhyggja í garð annarra en það krefst þægilegrar nærveru, að hlýlega sé talað til fólks og því sýnd vinsemd og blíðlegt augnaráð. Skilyrðislaus umhyggja felur í sér að ekki er krafist neins á móti. Eins og áfallamiðuð nálgun krefst þjónandi leiðsögn þess að fólk horfi í eigin barm og skoði eigin viðhorf gagnvart þeim einstaklingum sem verið er að þjóna.

Slík nálgun á einkar vel við þar sem unnið er með fólki sem býr við mikið óryggi, ótta, reiði og pirring. Þetta getur tekið á starfsfólk en er mjög mikilvægur liður í því að skapa öryggi og traust í úrræðum eins og Konukoti sem er oft eini öruggi staðurinn í lífi gesta okkar. Tengslamyndun og samkennd eru lykilhugtök sem geta stutt við myndun félagstengsla sem styðja konurnar í því að þróa ný hegðunarmynstur og að hætta að beita ofbeldi.

Í eftirfarandi töflu má sjá muninn á hvetjandi umhverfi annars vegar og hins vegar niðurdrepandi/stýrðu umhverfi.

Hvetjandi umhverfi

- Grundvallast á félagsskap
- Leiðsögn í gegnum samvinnu
- Einblínt á persónuna
- Felur í sér gagnkvæmar breytingar sem byrja hjá starfsfólki

Niðurdrepandi umhverfi

- Einblínt á það að stjórna
- Leiðbeint til hlýðni
- Einblínt á hegðun
- Felur í sér kröfu um breytingar eftir geðþótta annarra

⁴ Sjá nánar: Pederson, Ann; Lorraine Greaves og Nancy Poole. 2017. Gender-transformative health promotion for women: a framework for action í *Health Promotion International*, 30(1). Sjá: doi:10.1093/heapro/dau083.

⁵ Greinargerð um heimilislausar konur: <https://www.rotin.is/greinargerd-um-heimilislausar-konur/>.

Niðurstaða

Ársskýrsla Konukots sýnir að Gestum Konukots hefur fjölgað mikið á síðustu tveimur árum og að þær dvelja þar líka lengur. Þá er einnig fjölgun í yngsta hópnum. Þetta er áhyggjuefni og þó að Róttín telji sig vita um sumar ástæður fjölgunarinnar væri gott að hafa betri gögn sem skýra þessar breytingar.

Góðu fréttirnar eru þær að sú aðferðafræði, þjálfun og aðgerðir sem félagið notar virðist vera að skila þeim árangri að alvarlegum atvikum hefur fækkað og einnig frávisunum frá Konukoti.

Þá má minnst á það að Kolbrún Kolbeinsdóttir, kennari og kynjafræðingur, skrifaði meistararitgerð í kynjafræði um reynslu kvenna af Konukoti: „„Eini staðurinn í samfélaginu þar sem ekki er horft niður á þig“: Reynsla kvenna af Konukoti“. Markmiðið með verkefninu var að vekja athygli á félagslegu misrétti sem hópurinn verður fyrir og draga þannig úr jaðarsetningu hans. Í niðurstöðum Kolbrúnar kom fram mikil ánægja með þjónustu Konukots. Konurnar settu hins vegar út á aðstöðuna sem almenn vitneskja er um að þarfnist mikilla úrbóta.